

## AUGLÝSING

### um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs, gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sbr. fylgiskjal við auglýsingu þessa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

### Fylgiskjal.

#### Skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

#### LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

##### **Starfsmenntun:**

Búfræðingur. 2 ár til 79 eininga.

*Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í búfræðum.*

Garðyrkjufræðingur af blómaskreytingabraut. 2 ár til 86 eininga.

*Lýsing: Sérhæft starfsnám í blómaskreytingum og meðhöndlun afskorinna blóma og potta-plantna.*

Garðyrkjufræðingur af garðplöntubraut. 3 ár til 132 eininga.

*Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun garð- og skógarplantna.*

Garðyrkjufræðingur af skrudgarðyrkjubraut. 3 ár til 132 eininga.

*Lýsing: Lögfest iðngrein í byggingu garða og viðhaldi þeirra.*

Garðyrkjufræðingur af skógræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

*Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði skógræktar.*

Garðyrkjufræðingur af umhverfisbraut. 3 ár til 132 eininga.

*Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði umhverfistækni, einkum í framleiðslu og nýtingu moltu.*

Garðyrkjufræðingur af ylæktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

*Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun grænmetis, afskorinna blóma og potta-plantna.*

**Háskólanám:**

Diploma í garðyrkjutækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).  
Diploma í skógræktartækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).  
Diploma í skruðgarðyrkjutækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

B.S. próf í búvísindum. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).  
B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á almenna náttúrufræði (180 ECTS).  
B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á náttúrunýtingu (180 ECTS).  
B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á skógfræði og landgræðslu (180 ECTS).  
B.S. próf í skógfræði.  
B.S. próf í landnýtingu.  
B.S. próf í umhverfisskipulagi (180 ECTS).

Cand. agric. kandidatepróf í búvísindum. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).  
Cand. agric. kandidatepróf í landnýtingu. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).  
Cand. agric. kandidatepróf í skógfræði. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).  
Cand. agric. kandidatepróf í umhverfisskipulagi. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:

M.S. próf í búvísindum. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).  
M.S. próf í landnýtingu. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).  
M.S. próf í skógfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).  
M.S. próf í umhverfisskipulagi. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).  
M.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

**HÓLASKÓLI****Starfsmenntun.**

Hestafræðingur og leiðbeinandi. 9 mánuðir til 45 eininga.  
*Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í hrossarækt og reiðmennsku.*

**Sérhæfð fagmenntun.**

Tamningamaður. Diploma í búnaðarfræðum. 9 mánuðir til 30 eininga (60 ECTS).  
*Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í tamningum og þjálfun hrossa.*  
Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga (30 ECTS).  
*Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppnisþjálfun hrossa og reiðkennslu.*

**Háskólanám:**

Diploma í fiskeldisfræðum, fiskeldisfræðingur. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).  
Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).  
B.S. próf í fiskeldi og fiskalíffræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).  
B.A. próf í ferðamálafræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).